

Álagning fasteignagjalda í Mosfellsbæ 2009

Álagning fasteignagjalda byggir á fasteignamati samkvæmt Landsskrá fasteigna frá 31. desember. Álagning, leiðréttingar, reikningagerð og innheimta fer fram hjá fjármáladeild.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur ákveðið að álagning fasteignagjalda 2009 verði:

Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A - skattflokkur

Íbúðarhús og sumarbústaðir, ásamt lóðum, erfðafestulönd og jarðeignir sem eingöngu eru nýttar til landbúnaðar, mannvirki og útihús á bújörðum.

Fasteignaskattur A	0,220%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,100%	af fasteignamati húss og lóðar
Holræsagjald	0,145%	af fasteignamati húss
Lóðarleiga A	0,300%	af fasteignamati lóðar
Sorphirðugjald	kr. 14.000	pr. íbúð fyrir 240L tunnu

Fasteignagjöld stofnana: B - skattflokkur

Sjúkra- og heilbrigðisstofnanir, skólar, íþróttahús o.fl. sbr. reglugerð um fasteignaskatt nr. 1160/2005.

Fasteignaskattur B	1,320%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,100%	af fasteignamati húss og lóðar
Holræsagjald	0,145%	af fasteignamati húss
Lóðarleiga B	1,000%	af fasteignamati lóðar

Fasteignagjöld atvinnuhúsnæðis: C - skattflokkur

Aðrar fasteignir en falla undir A og B flokk t.d. verslanir, iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði

Fasteignaskattur C	1,200%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,100%	af fasteignamati húss og lóðar
Holræsagjald	0,145%	af fasteignamati húss
Lóðarleiga C	1,000%	af fasteignamati lóðar

Gjalddagar og greiðsla fasteignagjalda

Á forsiðu þessa seðils eru tilgreindir gjalddagar fasteignagjalda. Eindagi fasteignagjalda er þrjátíu dögum eftir gjalddaga og fellur allur skattur ársins í gjalddaga ef vanskil verða. Greiðslu má inna af hendi með útsendum greiðsluseðlum, beingreiðslum og boðgreiðslum. Nánari upplýsingar fást í Þjónustuveri í síma 525-6700 eða á póstfangið mos@mos.is

Afsláttur til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og holræsagjaldi

Lækkunin er reiknuð sjálfkrafa í samvinnu við Fasteignamat ríkisins og Ríkisskattstjóra. Til bráðabirgða verður lækkunin reiknuð út frá síðasta skattframtali og færð til lækkunar á fasteignagjöldum á álagningarseðli. Í haust þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna ársins 2008 verður afsláttur endurskoðaður og tilkynnt ef breyting verður. Nánari reglur og eyðublað fyrir athugasemdir má finna á heimasíðunni www.mos.is eða í Þjónustuveri Mosfellsbæjar s: 525-6700.

Tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega eru sem hér segir:

Tekjur einstaklinga 2008:			Tekjur hjóna 2008:		
Afsláttur	Frá	Til	Afsláttur	Frá	Til
100%	0	2.126.999	100%	0	2.965.999
80%	2.127.000	2.339.999	80%	2.966.000	3.261.999
60%	2.340.000	2.548.999	60%	3.262.000	3.555.999
40%	2.549.000	2.753.999	40%	3.556.000	3.839.999
20%	2.754.000	2.946.999	20%	3.840.000	4.108.999